

ÞÁTTAKA NEMENDA MEÐ SÉRKENNSLUÞARFIR OG/EÐA FÖTLUN Í STARFSMENNTUN OG STARFSÞJÁLFUN

STEFNUYFIRLIT

Stefnusamhengi

Alþjóðleg gögn sýna að fólk með fötlun og sérkennsluþarfir er enn að miklu leyti útilokað frá vinnumarkaðnum. Áætlun ráðs Evrópusambandsins um menntun og þjálfun 2020 (ET 2020) býður Evrópulöndum að takast á hendur stefnuendurbætur sem munu bæta námsárangur, með því að leggja sérstaka áherslu á starfsmenntun og þjálfun til að auka atvinnuhlutfall nýlega útskrifaðra nemenda og auka hlutfall þeirra sem ljúka námi á efri stigum unglingaskóla.

Starfsmenntun og þjálfun ætti að:

- vera réttlát og skilvirk,
- taka til allra hluta samfélagsins og
- vera fyrsta flokks, sérstaklega þegar stuðla skal að félagslegri þátttöku.

Aðildarlönd að Evrópumíðstöð um nám án aðgreiningar og sérþarfir staðfestu að starfsmenntun og þjálfun eru lykilatriði innan Evrópu. Þetta er í samræmi við Lissabonáætlunina, sem menntamálaráðherrar Evrópusambandsins tóku upp árið 2000, og ET 2020.

Árin 2010 til 2012 greindi miðstöðin stefnur og starfshætti starfsmenntunar og þjálfunar í 26 löndum frá sjónarhóli nemenda með sérkennsluþarfir og/eða fötlun. Greiningin skoðaði einkum „hvað virkar“ í starfsmenntun fyrir nemendur með sérkennsluþarfir og/eða fötlun, „hvers vegna það virkar“ og „hvernig það virkar“.

Niðurstöður verkefnisins

Meginniðurstöður greiningar miðstöðvarinnar koma fram hér að neðan:

- Verkefnið staðfesti fjölmarga árangursþætti – „hvað virkar“ – í starfsmenntun og þjálfun fyrir nemendur með sérkennsluþarfir og/eða fötlun.
- Seinni greining sýndi sterkt samræmi á milli landa og sömu árangursþættir birtust oft saman í árangursríkum dæmum um starfshætti. Staðfestar samsetningar sýna „hvers vegna það virkar“, en gagnkvæm áhrif árangursþátta hjálpa til við að útskýra „hvernig það virkar“.



- Árangursþættirnir eru flokkaðir í fjögur svokölluð „mynstur árangursríkra starfshátta“. Þessi mynstur tengjast og styðja hvert annað, svo að allar tilraunir til að bæta frammistöðu starfsmenntakerfis verða að leggja jafna áherslu á öll fjögur mynstrin í einu.
- Það sem er gott og skilvirkt verklag fyrir nemendur með sérkennsluþarfir og/eða fötlun í starfsmenntun og umskiptum yfir í atvinnu er gott verklag fyrir ALLA nemendur.
- Hægt er að gera umbætur á starfsmenntun og þjálfun og þær eiga sér stað í raun. Þetta er augljóst í greiningu verkefnisins, sem var byggð á 28 dæmum í 26 löndum, og sýnir allt litróf starfsmenntaaðferða í Evrópu.
- Árangursrík framkvæmd krefst þátttöku allra hagsmunaaðila af starfsmenntasviði.

Tilmæli

Miðstöðin tók mið af greiningunni og setti fram tilmæli sem tengjast þessum fjórum „mynstrum árangursríkra starfshátta“ sem munu líklega bæta skilvirkni starfsmenntakerfisins og umskipti yfir í atvinnu fyrir nemendur með sérkennsluþarfir og/eða fötlun.

Þessi mynstur leggja áherslu á sjónarhorn og hlutverk helstu hagsmunaaðila innan starfsmenntunar og þjálfunar – nánar tiltekið skólastjóra/stjórnendur starfsmenntastofnana („stjórnunarmynstur“); kennara/leiðbeinendur/stuðningsfulltrúa („starfsmenntunarmynstur“); nemendur („nemendamynstur“); og núverandi og væntanlega vinnuveitendur / fulltrúa vinnumarkaðarins („vinnumarkaðarmynstur“).

Þau almennu stefnutilmæli sem eru unnin úr þessari greiningu eru eftirfarandi:

- *Mynstrin fjögur skarast og styðja hvert annað. Þess vegna verður stefnan að leggja jafna áherslu á öll fjögur mynstrin í einu til að ná fram endurbótum innan starfsmenntakerfis.*
- *Allir árangursþættirnir tengjast innbyrðis og ekki er hægt að skoða þá hvern fyrir sig, þar sem það gæti leitt til óæskilegra aukaverkana. Til að koma auga á breytingar, hvort sem þær eru æskilegar eða óæskilegar, verður stefna að koma á og hafa stöðugt eftirlit með viðeigandi vísbendum í starfsmenntakerfinu.*

Sértæk stefnutilmæli

Tilmæli verkefnisins taka til margra landa í einu, þ.e. þau einblína ekki á ástand í starfsmenntum neins eins lands. Eftirfarandi sértæk stefnutilmæli fyrir



starfsmenntun og þjálfun, sem byggð eru á þessum fjórum staðfestu mynstrum, eru viðeigandi fyrir mörg þátttökulandanna. Hins vegar þarf að bæta við stigi í niðurstöðum verkefnisins fyrir tilmæli sem eru sniðin að kröfum einstakra landa um starfsmenntun og þjálfun.

Stjórnunarmynstur

Stefnumótandi aðilar þurfa að:

- Koma á lagaramma og samkomulagi á milli allra viðkomandi þjónustuaðila: menntunar, atvinnu og staðbundinna yfirvalda. Það mun gera skólum kleift að þróa samstarf og uppbyggingu samstarfsneta með fyrirtækjum á staðnum um hagnýta starfsþjálfun og/eða starf eftir útskrift.
- Stuðla að skilvirkri forystu í skólum með því að tryggja að skólar hljóti réttan stuðning við þróun stefnu þar sem litið er á mun á milli nemenda sem „eðlilegan“ hluta af námsmenningunni.
- Gera skólum kleift að innleiða hópvinnaaðferðir, þar með talið að koma á fót þverfaglegum teymum með skýr hlutverk.
- Setja upp skýr, samfelld námskeið fyrir skólastarfsfólk til að þróa þá sérfræðikunnáttu sem þörf er á fyrir samvinnu á milli innri og ytri stuðningsþjónustu.

Starfsmenntunarmynstur

Stefnumótandi aðilar þurfa að:

- Stuðla að og tryggja nálgun þar sem kennslufræðilegar aðferðir, efni, matsaðferðir og markmið eru sniðin að þörfum einstaklinga.
- Gera skólum kleift að tryggja einstaklingsmiðaðar aðferðir með tilliti til skipulagningar, markmiðasetningar og þeirrar námskrárhönnunar sem nota á í námsferlinu.
- Skapa grundvöll til að koma á námsferlum einstaklinga í skólum, með sveigjanlegum aðferðum sem gera ráð fyrir þróun og innleiðingu á einstaklingsáætlunum fyrir nám, menntun, starfsmenntun og tilfærslu.
- Koma á eftirlitskerfum sem rannsaka skilvirkni þeirra aðgerða sem skólar hafa innleitt. Þetta mun hjálpa skólum að leggja áherslu á þróun og innleiðingu skilvirkra menntunaraðgerða sem koma í veg fyrir eða draga úr brotthvarfi og að finna nýja valkosti í námi fyrir nemendur sem flosna upp úr námi.
- Tryggja að allar starfsmenntaáætlanir og -námskeið séu í sífelldri endurskoðun, til að samræma færni nemenda við færnikröfur vinnumarkaðarins.



Nemendamynstur

Stefnumótandi aðilar þurfa að:

- Styðja og hafa eftirlit með menntastefnum til að tryggja að skólar beini athygli að getu nemenda.
- Veita byrjunar- og áframhaldandi starfsþjálfun fyrir starfsfólk, til að gera kennurum kleift að setja getu nemenda í forgrunn í kennsluaðferðum og sjá tækifæri frekar en áskoranir. Kennarar ættu að gera alla nemendur sjálfsöruggari og einbeittari.
- Tryggja að skólar virði óskir og væntingar nemenda á öllum stigum tilfærsluferlisins.

Vinumarkaðarmynstur

Stefnumótandi aðilar þurfa að:

- Setja fram skýrar aðgerðir á stefnumótunarstigi svo að skólar geti komið á og viðhaldið sterkum tengslum við vinnuveitendur á staðnum.
- Tryggja fullnægjandi stuðning við nemendur og vinnuveitendur til að styðja við tilfærslutímabilið á milli menntunar og starfsþjálfunar og atvinnu. Enn fremur verður hæft starfsfólk að veita ákveðna eftirfylgni eins lengi og þurfa þykir til að uppfylla þarfir ungra, nýútskrifaðra nemenda og vinnuveitenda, til að halda tilfærslunni yfir á opinn vinnumarkað gangandi.

Nánari upplýsingar, þar með talið leiðbeiningaskjalið „20 lykilatriði fyrir árangursríka starfsmenntun og þjálfun“, eru tiltækar á vefsvæði starfsmenntaverkefnisins:

<http://www.european-agency.org/agency-projects/vocational-education-and-training>

IS



<http://www.european-agency.org/disclaimer>